

## **Samstarfsverkefni íslenskra hönnuða og álframleiðenda í Svíþjóð**

### **Fyrirspurnir og svör:**

Hönnunarmiðstöð hafa borist nokkrar fyrirspurnir varðandi fyrirhugaða ferð hönnuða í workshop í Svíþjóð 21. - 27. apríl næstkomandi. Spurningar og svör má sjá hér að neðan:

#### **Hver er kostnaður hönnuða vegna þátttöku í workshop í Svíþjóð 21-27. apríl?**

Verkefnið mun greiða fyrir flug, ferðir í Svíþjóð, gistingu og upphald meðan á ferðinni stendur. Hönnuður leggja til tíma sinn, en verkefnið greiðir allan kostnað.

#### **Bera hönnuðir efniskostnað vegna þessa verkefnis eða er hann greiddur að hluta, eða öllu leyti af samstarfsaðilum?**

Kostnaður við gerð prótótýpa hjá samstarfsaðilum verður greiddur af verkefninu, vörupróun verður að gerast í samtali við viðkomandi fyrirtæki. Ætlast er til að hönnuðir standi straum af öðrum efniskostnaði og noti til þess hluta af eigin þóknun vegna verkefnisins á meðan á hönnunarvinnu stendur.

#### **Er þóknun í boði fyrir þátttakendur meðan þeir vinna að prótótýpum eða öðru hönnunarferli?**

Þátttakendur fá ekki þóknun fyrir að taka þátt í workshopinu í Svíþjóð, en þóknun verður greidd fyrir hönnunarvinnu sem tekur við í framhaldi af ferðinni.